



## FUNDUR Í MENNINGAR-, TÓMSTUNDA- OG ÍPRÓTTANEFND

**Dagsetning:** 17. september 2014, kl. 16:30, haldinn að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

---

Formaður nefndarinnar, Gerður Beta Jóhannsdóttir, setti fundinn og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum. Einn nefndarmann vantaði á fundinn en ekki tókst að boða varamann í hans stað.

### Dagskrá:

1. Erindisbréf
2. Siðareglur
3. Erindi frá Skáksambandi Íslands
4. Önnur mál

### Afgreiðsla:

1. Farið sérstaklega yfir verksvið, markmið og verkaskiptingu nefndarinnar. Lagðar til breytingar á 5. málsgrein, 7. greinar 3. kafla. Breyta úr "Menningar-og fegrunarmálum" í "Menningar-, tómsunda og íþróttamálum". Ákveðið að leita nánari útskýringa á 2. málsgrein, 7. greinar 3. kafla.
2. Farið yfir siðareglur og þær undirritaðar.
3. Nefndin tekur vel í erindi Skáksambands Íslands og ætlar að leita frekari upplýsinga með því að boða forseta sambandsins til fundar.
4. Önnur mál.
  - a. Erindi stjórnar Skotfélagsins Markviss tekið fyrir undir önnur mál þar sem að það barst nefndinni eftir að boðað hafði verið til fundar. Nefndin tekur erindinu vel og leggur til að lausn verði fundin á málinu. Skotíþróttin er vaxandi íþróttagrein og eykur fjölbreytileika íþrótt- og tómsundastarfs í héraði. Nefndin telur mikilvægt að óvissu um svæðið verði eytt og að félagið haldi sínu svæði áfram og geti í framhaldi af því ráðist í uppbyggingu á því, ekki síst í ljósi þess að Landsmót 50+ verður haldið hér á Blönduósi sumarið 2015. Nefndin vísar málinu til Skipulags- og byggingarnefndar til frekari umfjöllunar.
  - b. Umræður um söfn og setur á staðnum og leiðir til að efla þau og auka aðsókn.
  - c. Umræður um Landsmót 50+ og að hverju þarf að hyggja í því sambandi.
  - d. Umræður um merkingar á þjónustu og afþreyingu sem er í boði á Blönduósi og mikilvægi þess að þær séu til staðar og í góðu lagi. Einnig rætt um merkingar á gömlum byggingum og sögulegum stöðum.

Fundi slitið kl. 18:10

Pawel Mickiewicz  
Gerður Beta Jóhannsdóttir  
Erna Björg Jónmundsdóttir

Erla Ísafold Sigurðardóttir